



Góðir straumar í 40 ár

Alþingi
Erindi nr. P 133/1468
komudagur 6.3.2007

Nefndasvið Alþingis
b.t. Iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11

Dags.: 05.03.2007

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða, 368. mál

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðni háttvirtrar iðnaðarnefndar þar sem fyrirtækinu er gefinn kostur á að skila athugasemd um mál nr. 368, tillögu til þingsályktunar um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða.

Það er mat Landsvirkjunar að fyrirbyggjandi þingsályktunartillaga sé óþörf miðað við það lagaumhverfi sem um efnið gildir og geti skapað vandkvæði og óvissu við veitingu rannsóknar- og/eða nýtingarleyfa, framkvæmd og eftirlit.

Lög um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, nr. 57/1998, gilda um efni þingsályktunartillögunnar. Í lögunum kemur skýrlega fram að við nýtingu auðlinda í jörð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða, heimilt er að setja sérstök skilyrði í nýtingarleyfi telji ráðherra að þessa sé ekki gætt. Rannsóknar- og/eða nýtingarleyfi skulu skv. lögunum vera háð nákvæmum skilyrðum og heimilt er að afturkalla leyfi teljist handhafi ekki uppfylla þau skilyrði sem sett hafa verið. Orkustofnun annast samkvæmt lögunum reglubundið eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingu á framangreindum lögum. Frumvarpið nær yfir efni þingsályktunartillögunar og því eðlilegt að við afgreiðslu þess komi efni hennar til umfjöllunar.

Efni þingsályktunartillögunar er jafnframt viðfangsefni laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sem ætlað er að tryggja að umhverfisáhrif þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, hafi verið metin áður en leyfi er veitt fyrir þeim. Matinu er ætlað draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda. Að mati Landsvirkjunar ná ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og sú yfirgripsmikla og ítarlega málsmeðferð sem þar er kveðið á um með fullnægjandi hætti yfir þau atriði sem flutningsmenn þingsályktunartillögunnar tíunda í greinargerð með henni.

Eins og bent er á í greinargerð með þingsályktunartillögunni gilda jafnframt um umgengni og mannvirkjagerð á jarðhitasvæðum almenn ákvæði náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Er fyrirbyggjandi frumvarp um breytingu á þeim lögum.






Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er sá tilgangur flutningsmanna hennar tíundaður að áður en fleiri rannsóknarleyfi verði veitt þurfi að setja ströng skilyrði fyrir veitingu þeirra þannig að leyfisveitingin sem slík leiði ekki af sér óafturkræf spjöll. Þar er því haldið fram að slíkt hafi í miklum mæli tíðkast hingað til. Eins er því og haldið fram að rannsóknarleyfisveiting sé ígildi nýtingarleyfa í augum framkvæmdaraðila. Landsvirkjun mótmælir alfarið framangreindu álitu flutningsmanna tillögunnar. Kröfur, kvaðir og skilyrði sem framkvæmdaraðilum er gert að uppfylla vegna rannsókna og nýtingar á jarðhita eru afar miklar og ítarlegar. Málsmeðferð fyrir útgáfu leyfa er vönduð, ítarleg og löng. Að mati Landsvirkjunar er ekki þörf á frekari íþyngjandi ákvæðum til að ná markmiðum umhverfisverndar og sjálfbærni við nýtingu jarðhitasvæða. Heimildir framkvæmdavaldsins til eftirlits með því að kröfum, skilyrðum og skyldum sé framfylgt eru nægjanlegar að mati Landsvirkjunar.

Með vísan til framangreinds verður að telja að með fullnægjandi hætti sé í þeim lögum sem tiltekin hafa verið tekið á þeim atriðum sem fyrirliggjandi þingsályktunartillaga snýst um.

Virðingarfyllst

Örn Marinósson
staðgengill forstjóra



Alþingi - Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. febrúar 2007
Tilvísun: 2007020014
Bréfalykill: 50.11

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða, 368. mál.

Orkustofnun hefur borist ósk frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 12. febrúar 2007, um að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu, sem að efni til er ósk um að ríkisstjórn verði falið að leggja fyrir þingið tillögur sínar um hvernig lágmarka megi umhverfisáhrif ef ráðist er í rannsóknir og nýtingu jarðhitasvæða. Þar eigi m.a. að koma fram:

1. Hvernig lágmarka megi umhverfisáhrif af rannsóknum á jarðhitasvæðum vegna hugsanlegrar nýtingar?
2. Hvernig lágmarka megi röskun umhverfis á undirbúnings- og vinnslustigi á svæðum þar sem leyfi hafa verið veitt?
3. Hvaða mælikvarða beri að leggja á sjálfbærni við nýtingu jarðhitasvæða?

Eitt af augljósum vandamálum við þau atriði sem eru nefnd undir lið 1 og þó einkum lið 2 er að veruleg hættu hefur verið talin á því að strax við fyrstu borun verði hugsanlega framin spjöll sem erfitt er að taka til baka verði ekkert frekar af framkvæmdum. Mál af þessu tagi kom upp við undirbúning að virkjun í Grændal ofan Hveragerðis, og það leystist með þeim úrræðum sem núverandi lög og reglur bjóða upp á. Framkvæmdaaðili fékk ekki leyfi til að leggja veg til rannsóknaborstæða í dalnum vegna þess að talin var mikill vafi á að leyfi fengist til mannvirkjagerðar í dalnum, hver svo sem útkoman yrði úr borun.

Ef frumvarp til breytinga á lögum um rannsóknir og nýtingu jarðrænna auðlinda, sem nýlega hefur verið lagt fram, verður að lögum, mun ekki verða gefið rannsóknaleyfi vegna nýtingar á jarðhitasvæðum, sem ekki eru á nýtingaráætlun hverju sinni. Af þeim sökum telur Orkustofnun að hætta á árekstrum eins og þessum muni minnka til muna.

1. Hvernig lágmarka megi umhverfisáhrif af rannsóknum á jarðhitasvæðum vegna hugsanlegrar nýtingar?

Rannsóknarleyfi er veitt á grundvelli rannsóknaráætlunar, sem á að vera í samræmi við tilgang rannsókna.

A) Ef tilgangur rannsókna fellur að því sem talið er vera forathugun, án borunar, eru rannsóknir hefðbundnar yfirborðsrannsóknir; kortlagning náttúrunnar og jarðeðlisfræðilegar mælingar. Þeirra helstar eru viðnámsmælingar, sem um þessar mundir eru svonefndar TEM-mælingar og geta farið fram hvenær sem er ársins. Þegar svæðin liggja utan alfaraleiðar eru þær yfirleitt gerðar yfir veturinn á snjó. Búast má við að á næstu árum muni færast í vöxt að nota til viðbótar svokallaðar MT mælingar sem rýna mun dýpra en TEM. Ef þörf er á því að fara út fyrir slóðir gilda um það reglur sem eru byggðar á lögum um náttúruvernd.

B) Ef tilgangur rannsókna er að undirbúa umsókn um nýtingarleyfi eru boranir hluti af rannsóknaráætlun. Þær verða ekki framkvæmdar nema áður hafi verið úrskurðað um mat á umhverfisáhrifum. Ef litlar líkur eru taldar á umtalsverðum umhverfisáhrifum er að jafnaði ekki

krafist mats á umhverfisáhrifum, enda sé þá farið að einu og öllu eftir þeim forsendum sem sú ákvörðun byggðist á. Ef krafist er mats á umhverfisáhrifum, fer í gang ferli skoðanaskipta á milli framkvæmdaaðila, Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila (gerð matsáætlunar) sem segir m.a. til um það hvaða rannsóknir er nauðsynlegt að framkvæma, og síðar ef jákvæð niðurstaða fæst í mati á umhverfisáhrifum, hvaða skilyrði fylgja, t.d. varðandi rannsóknir og vöktun.

Niðurstaða: Orkustofnun telur að tilverandi lög og reglur séu fullnægjandi til að lágmarka rask á þessu stigi.

2. Hvernig lágmarka megi röskun umhverfis á undirbúnings- og vinnslustigi á svæðum þar sem leyfi hafa verið veitt?


Hluti af því sem hér er til umræðu er viðfangsefni mats á umhverfisáhrifum. Fyrirkomulag hlýtur auk þess að ráðast af aðstæðum á hverju svæði fyrir sig. Undirbúningur virkjunar á Hellisheiði hefur að mörgu leyti nokkra sérstöðu. Hún er sú fyrsta þar sem byggt er nær eingöngu á að bora margar holur út frá sama borplani. Það minnkar rask af borun stórlega og léttir undir með að afla kælivatns til borunar og aðgerðum til að farga affallsvatni vegna þeirra. Annað sem er sérstætt við Hellisheiðarvirkjun er að hún er í bakgarði höfuðborgarsvæðisins og útlit hennar hefur því líklega nú þegar borið fyrir augu flestra landsmanna, og það sem mest ber á eru pípur, annars vegar frá borplönnum að stöðvarhúsi og hins vegar þaðan að niðurrennsliuveitu. Viðbrögð almennings við þessum sýnilegu mannvirkjum hafa m.a. orðið til þess að Orkuveita Reykjavíkur stendur nú fyrir sérstakri tæknilegri úttekt á kostum og göllum þess að leggja þessar pípur að hluta í jörðu og hugmyndasamkeppni um útlit og fyrirkomulag slíkra mannvirkja.


Niðurstaða: Orkustofnun telur einnig að núgildandi löggjöf tryggi úrræði til að draga úr hættu á óþarfa raski.

3. Hvaða mælikvarða beri að leggja á sjálfbærni við nýtingu jarðhitasvæða.

Orkustofnun hefur um langt árabil haft þetta viðfangsefni til athugunar, og hafa birst um það nokkrar greinar frá sérfræðingum hennar og ráðgjöfum. Ein þeirra er birt sem fylgiskjal II með þessari ályktunartillögu. Íslendingar eru að mörgu leyti frumkvöðlar á þessum vettvangi, sem hefur það í för með sér að ekki er hægt að sækja svo mjög í reynslubrunn annarra. Þessar athuganir hafa verið annars vegar fræðilegar, þar sem sett er fram hvernig jarðhitasvæði muni hugsanleg bregðast við vinnslu til lengri tíma lítið, og hins vegar athugun á raunvinnslu og mælanlegum áhrifum hennar á mikilvæga vísa um viðbrögð jarðhitasvæðisins (t.d. hitastig, vatnsborð og efnasamsetningu jarðhitavökvans). En þetta er vissulega bara önnur hlið málsins, hin er samfélagsleg ákvörðun um hæfilegan nýtingarhraða.

Niðurstaða: Orkustofnun mælir með því að ríkisstjórninni verði falið að skipa starfshóp til að undirbúa meginreglur um sjálfbæra nýtingu.

Virðingarfyllst

Hákon Aðalsteinsson


Elín Smáradóttir